



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 30.11 2020
Tilvísun: 202011-0049

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stéttarfélag og vinnudeilur, nr. 80/1938, með síðari breytingum (atkvæðagreiðslur), 83. mál.

Samkvæmt niðurstöðu Félagsdóms frá 11.4. 1988 (Mál nr. 5/1988) um túlkun 15.gr. laga nr. 94/1986, þá ber að túlka atkvæðagreiðsluákvæði laganna þannig að atkvæði þar sem afstaða er ekki tekin (auð atkvæði), teljist með heildarfjölda greiddra atkvæða. Í dóminum segir: „Hefði ætlun löggjafans verið sú, að afl atkvæða réði úrslitum í slíkri atkvæðagreiðslu, að skilyrði um kosningaþátttöku uppfylltu, hefði legið beint við að orða lagatextann með þeim hætti. Ákvæði greinarinnar um samþykki meiri hluta þátttakenda til verkfallsboðunar áskilur því samþykki hreins meirihluta allra, sem skila atkvæðaseðli í slíkri atkvæðagreiðslu.“ Frá því að dómur þessi féll hefur ASÍ túlkað sambærileg ákvæði laga nr. 80/1938 með sama hætti. Við undirbúning atkvæðagreiðslna og framkvæmd eru félagsmenn upplýstir um, að skili þeir auðu atkvæði teljist það í reynd með mótaskvæðum. Þar sem nánast allar atkvæðagreiðslur innan ASÍ um kjarasamninga og verkföll fara í dag fram rafrænt skv. sérstakri reglugerð ASÍ og samkomulagi við Samtök atvinnulífsins, hafa auð atkvæði ekki skipt máli hvað varðar þáttökuskilyrði laganna. Gildandi lög hafa því ekki valdið vandkvæðum í störfum aðildarsamtaka sambandsins.

Að þessu sögðu þá er ekki lagt mat á það hvort æskilegt kunni að vera að taka lög nr. 80/1938 og lög nr. 94/1986 til einhverrar endurskoðunar. Ákvörðun hefur verið tekin um að vinna sérstaka grænbók um íslenskan vinnumarkað. ASÍ er þeirrar skoðunar að betur fari á því að taka umræðu um hugsanlegar breytingar á lögum er varða grundvallarréttindi verkalyðsfélaga í framhaldi af þeirri vinnu enda skapist um slíkar breytingar breið samstaða allra heildarsamtaka á vinnumarkaði.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.

Alþýðusamband Íslands

Sættíni 1 • Reykjavík

Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601

asi@asi.is • www.asi.is